



2,1 milljarða kr. hagnaður TM árið 2014

Reykjavík, 18. febrúar 2015

Á stjórnarfundi 18. febrúar 2015 samþykkti stjórn og forstjóri TM ársreikning félagsins fyrir árið 2014.

Helstu tölur 2014 voru eftirfarandi:

- Heildarhagnaður ársins var **2.074 m.kr.** og hagnaður á hlut var **2,75 kr.** (2013*: 2.337 m.kr. og 3,07 kr.)
- Hagnaður fyrir skatta var **2.417 m.kr.** (2013*: 2.593 m.kr.)
- Framlegð af váttryggingastarfsemi var **117 m.kr.** (2013*: 871 m.kr.)
- Hagnaður af váttryggingastarfsemi var **291 m.kr.** (2013*: 1.593 m.kr.)
- Fjárfestingatekjur voru **2.615 m.kr.** (2013: 2.094 m.kr.) og ávöxtun fjárfestingaeigna var **10,1%** (2013: 8,5%)
- Samsett hlutfall var **99,0%** (2013*: 92,4%)
- Bókfærð iðgjöld drógust saman um **1,8%** á milli ára
- Eigin iðgjöld drógust saman um **2,0%** á milli ára
- Eigin tjón hækkuðu um **6,9%** á milli ára*
- Rekstrarkostnaður lækkaði um **2,5%** á milli ára
- Eiginfjárlutfall í lok árs var **44,9%**
- Eigið fé í lok árs var **13.960 m.kr.** og arðsemi eigin fjár á 15,3%
- Handbært fé frá rekstri var **2.283 m.kr.** (2013: 3.357 m.kr.)

Helstu tölur fyrir fjórða ársfjórðung 2014 voru eftirfarandi:

- Heildarhagnaður tímabilsins var **533 m.kr.** og hagnaður á hlut var **0,72 kr.** (4F 2013*: 432 m.kr. og 0,57 kr.)
- Hagnaður fyrir skatta var **685 m.kr.** (4F 2013*: 446 m.kr.)
- Framlegð af váttryggingastarfsemi var neikvæð um **215 m.kr.** (4F 2013*: jákvæð um 3m.kr.)
- Tap af váttryggingastarfsemi var **214 m.kr.** (4F 2013*: 170 m.kr hagnaður)
- Fjárfestingatekjur voru **950 m.kr.** (4F 2013: 509 m.kr.) og ávöxtun fjárfestingaeigna var **3,6%** (4F 2013: 2,0%)
- Samsett hlutfall var **107,5%** (4F 2013*: 99,9%)
- Bókfærð iðgjöld jukust um **18,1%** á milli ára
- Eigin iðgjöld jukust um **1,1%** á milli ára
- Eigin tjón hækkuðu um **11,6%** á milli ára*
- Rekstrarkostnaður lækkaði um **2,2%** á milli ára
- Handbært fé frá rekstri var **1.087 m.kr.** (4F 2013: 1.148 m.kr.)

*Í árslok 2014 breytti félagið um reikningsskilaaðferð við mat á tjónaskuld. Samanburðartölur vegna ársins 2013 hafa tekið breytingum til samræmis við nýja aðferð.

Sigurður Viðarsson, forstjóri TM:

„Þrátt fyrir að hagnaður félagsins á árinu 2014 dragist saman milli ára var hann meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Hagnaðurinn skýrist að stærstum hluta vegna góðrar afkomu af fjárfestingastarfsemi en váttryggingareksturinn var í járnnum, bæði vegna óvenju margra stærri eignatjóna og aukinnar tíðni ökutækjatjóna.“

Rúmlega 9% raunávöxtun fjárfestinga

Mjög góð afkoma var af fjárfestingastarfsemi félagsins í samanburði við helstu viðmið. Ávöxtun eignasafns TM í heild var rúm 10% á árinu og raunávöxtun því ríflega 9%. Ávöxtun innlendra ríkisskuldabréfa TM var jákvæð um 6% sem skýrist af háu hlutfalli óverðtryggðra ríkisskuldabréfa sem skiluðu góðri ávöxtun, sérstaklega á seinni helmingi ársins. Ávöxtun skráðra innlendra hlutabréfa í eigu TM var um 31% á árinu.

29% vöxtur í erlendum viðskiptum

Á árinu voru stigin markviss skref í að auka vaxtarmöguleika og áhættudreifingu félagsins í váttryggingum. Góður vöxtur var í erlendum viðskiptum á árinu sem telja nú 13% af bókfærðum iðgjöldum. Erlendu viðskiptin fela að lang mestu leyti í sér þátttöku í tryggingum á erlendum skipaflotum, en afkoma af skipatryggingum var betri en mörg undanfarin ár.

Ánægðustu viðskiptavinir tryggingafélaga eru hjá TM

Þann 5. febrúar síðast liðinn var tilkynnt um niðurstöður mælinga í Íslensku ánægjuvuginni fyrir árið 2014. TM hafði nokkra yfirburði í flokki tryggingafélaga og hlaut 71,3 stig og hækkaði einkunn sína um 2,3 stig milli ára. Þetta var í fjórtánda sinn sem TM hlýtur hæstu einkunn á sínum markaði sem er einstakur árangur enda er TM það íslenska fyrirtæki sem oftast allra hefur hlotið viðurkenninguna.

Breytt uppgjörsaðferð í samræmi við Solvency II

Í kjölfar þess að ákveðið var að meta tjónaskuld félagsins í samræmi við matsreglur Solvency II tilskipunar Evrópusambandsins breytti félagið um reikningsskilaaðferð. Við þessa breytingu færast 323 m. kr. yfir í rekstur til lækkunar á tjónum ársins 2013 og 1.567 m. kr. úr tjónaskuld þann 1.1.2013 eða samtals 1.890 m. kr.

Sterk eiginfjárstaða

Heildareignir TM í árslok 2014 voru 31.078 m.kr. og skuldir 17.118 m. kr. Um 25% fjárfestingaeigna TM eru í ríkisskuldabréfum og handbæru fé og var hlutfall auðseljanlegra eigna 64% sem gerir félagið afar vel í stakk búið til að mæta skuldbindingum sínum. Gjaldþol í lok árs 2014, að teknu tilliti til arðgreiðslu og breyttra uppgjörsaðferða, var 9.741 m.kr. sem er 147% af gjaldþolskröfu sem var 6.612 m.kr. samkvæmt Solvency II.

Tillaga gerð um 4.000 m.kr. arðgreiðslu

Stjórn TM hefur sett fram skýr markmið um áhættuvilja með vikiðum sem auðveldar stýringu á heildaráhættu félagsins. Markmið um gjaldþolshlutfall samkvæmt áhættuviljanum er 150% og vikið er 140% til 170%. Arðgreiðslutillaga ársins 2015 byggir á þessum markmiðum og leggur stjórn TM til 4.000 m.kr. arðgreiðslu á árinu 2015. Að auki leggur stjórn til að allt að 1.500 m.kr. verði varið til kaupa á eigin bréfum. Endanleg fjárhæð endurkaupanna mun ráðast af möguleikum félagsins við að finna hagkvæmstu fjármagnsskipan. Ítarleg endurkaupaáætlun verður lögð fyrir á aðalfundi félagsins sem haldinn verður 12. mars næst komandi.

Stefnt að útgáfu víkjandi skuldabréfs

Gerðar hafa verið ítarlegar greiningar á hagkvæmstu fjármagnsskipan félagsins með tilliti til nýrra gjaldþolsreglna og stefnt er að útgáfu víkjandi skuldabréfs fyrir allt að 2.000 m.kr. á árinu 2015. Útgáfan mun tilheyra eiginfjárbætti 2 (*Tier 2*) sem miðar að því að gera fjármagnsskipan félagsins sem hagkvæmasta. Gengið hefur verið til samninga við Arctica Finance um ráðgjöf við útgáfu og sölu skuldabréfsins en stefnt er að skráningu þess í Kauphöll á árinu.

Áætlun 2015 gerir ráð fyrir 2,2 milljarða kr. hagnaði fyrir skatta

TM hefur frá skráningu félagsins á markað birt áætlun yfirstandandi rekstrarárs samhliða birtingu ársuppgjörs. Gert er ráð fyrir 8,3% vexti í eigin iðgjöldum en að fjármunatekjur dragist saman á milli ára. Áætlað er að tjónakostnaður hækki um 4,7% og að rekstrarkostnaður hækki um 4,1%. Samsett hlutfall af váttryggingarekstri er áætlað 95,2%.

	Á 2015		2014
	Jan-des	Breyting	Jan-des
Eigin iðgjöld	12.243.356	8,3%	11.305.381
Fjármunatekjur	2.004.097	-23,4%	2.614.809
Aðrar tekjur	85.730	5,0%	81.640
Heildartekjur	14.333.183	2,4%	14.001.830
Eigin tjón	(9.060.456)	4,7% (8.654.400)
Annar rekstrarkostnaður	(3.067.344)	4,7% (2.930.861)
Heildargjöld	(12.127.800)	4,7% (11.585.261)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	2.205.383	-8,7%	2.416.569

Kynningarfundur 19. febrúar kl. 8:30

TM býður til opins kynningarfundar um afkomu félagsins á árinu 2014 þann 19. febrúar kl. 8:30. Fundurinn fer fram í höfuðstöðvum TM að Síðumúla 24. 4. hæð. Þar mun Sigurður Viðarsson forstjóri kynna uppgjörið og svara spurningum.

Einnig verður hægt að fylgjast með fundinum á slóðinni:

<https://global.gotomeeting.com/join/487171189>

Nánari upplýsingar

Sigurður Viðarsson forstjóri

s: 515-2609

sigurdur@tm.is